

Nd. 304. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í Buðlungahöfn við Axarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. um einkaleyfi til að flytja út vikur, og munu væntanlegir einkaleyfishafar fyrst og fremst hafa í huga að taka vikurinn við Jökulsá á Fjöllum. Ef slík starfræksla kemst í framkvæmd, er nauðsynlegt að löggilda verzlunarstað við áróšana, og því er þetta frv. fram borið.